



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Breytingar í leikskólum vegna 1-2 ára barna

Dags: 20. júní 2022

Málsnúmer: 202205016/40.1

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Frá: Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Mosfellsbær hefur á undanförunum árum gert umtalsverðar breytingar á leikskólum til þess að útbúa aðstöðu fyrir 1-2 ára börn til þess að auka þjónustu sveitarfélagsins fyrir þennan yngsta aldurshóp. Almennt hafa þessar breytingar mælst vel fyrir en framkvæmdirnar hafa fyrst og fremst falist í að breyta og bæta skiptiaðstöðu inni og að breyta og girða af hluta lóðanna og setja þar leiktæki sem henta fyrir þennan yngsta aldurshóp. Nú þegar er búið að útbúa 1-2 ára deildir á leikskólanum Hlíð, á leikskólanum Huldubergi og á leikskólanum í Leirvogstungu. Til skoðunar er enn fremur að bæta við 1-2 ára deild á leikskólanum Reykjakoti frá og með næsta ári. Til þess að koma til móts við þarfir um aðstöðu 1-2 ára barna í samræmi við óskir fræðslu- og frístundasviðs í ofangreindum leikskólum, er óskað eftir samþykki bæjarráðs fyrir eftirtöldum framkvæmdum:

Hulduberg:

Breytingar á salerni fyrir yngsta aldurshópinn, uppsetning á nýjum ungbarnarólum, endurnýjun skógrinda og uppsetning á viðbótarhliðum. Samtals: 10 m.kr.

Höfðaberg:

Bæta við skiptiaðstöðu og setja upp skóaðstöðu. Að auki verður gervigrasvöllur við leikskólann endurbættur og minnkaður þannig að hann henti fyrir yngri börn. Samtals: 4 m.kr.

Reykjakot:

Bæta skiptiaðstöðu á tveimur deildum og lokun á salernisaðstöðu frá gólfi í loft. Samtals 2 m.kr.

Leirvogstunguskóli:

Opnunarbúnaður á útihurð, endurnýjun og breikkun á inni- og útihurðum og uppsetning á seglum. Samtals: 3 m.kr.

Kostnaður við framangreindar breytingar er samtals áætlaður 19 m.kr. Gert er ráð fyrir að framangreind verkefni verði unnin síðsumars 2022 verði samþykki veitt fyrir framkvæmd þeirra.

Tillaga:

Óskað er heimildar bæjarráðs til þess að ráðast í framangreind verkefni til þess að bæta aðstöðu á deildum fyrir 1-2 ára börn í leikskólum bæjarins. Gert er ráð fyrir að verkefnin rúmist innan fjárfestingaráætlunar ársins með tilfærslum milli liða og er lagt til að fjármálastjóra verði falið að útfæra það með viðauka við fjárhagsáætlun.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Björg Hansen

Framkvæmdastjóri umhverfissviðs